



Selaskoðun fór úrskeiðis við Ytri Tungu



Ljósmynd: Björgunarsveitin Lífshjörð

Björgunarsveitin Lífshjörð var kölluð út á mánudag þegar ferðamaður lenti í lífsháska við selaskoðun. Sjúkrabílar og lögregla voru senda á vettvang á fyrsta forgangi rétt fyrir klukkan 18 þann 26. febrúar. Slysið átti sér stað á Ytri-Tungu í Staðarsveit en fjaran er fjölsóttur ferðamannastaður. Maðurinn hafði verið að skoða seli þegar hann varð á flæðiskeri staddur. Þrír björgunarsveitarmenn óðu út í sjó í flotgöllum,

bundnir saman í línu. Þeir náðu ekki til botns og þurftu því að synda síðustu metrana að mannum. Útsogið var talsvert á staðnum og þung undiralda. Þegar að skerinu var komið bundu þeir manninn við sig og voru dregnir aftur í land. Ferðamanninn skaðaði ekki en hann var sendur kaldur og blautur með sjúkrabíl á heilbrigðisstofnun til skoðunar.

JJ



Ljósmynd: Björgunarsveitin Lífshjörð



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Kristinn fær náttúruverndarviðurkenningu

Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti hefur verið veitt einstaklingum sem hafa unnið markvert starf á sviði náttúruverndar frá árinu 2010. Viðurkenningin er til heiðurs minningar Sigríðar Tómasdóttur í Brattholti. Sigríður Tómasdóttir fæddist 24. febrúar 1871 í Brattholti. Hún var baráttukona og náttúruverndarsinni sem lagði á sig mikið erfiði í baráttu gegn virkjun Gullfoss. Sigríður var því brautryðjandi á sviði náttúruverndarmála hér á landi. Viðurkenningin er veitt ár hvert á Degi íslenskrar náttúru, þann 16. september, þar sem íslensk náttúra er í forgrunni við val á viðurkenningarhafa. Árið 2023 var það Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar sem hlaut þessa viðurkenningu. Hlaut hann Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti fyrir störf sín fyrir Snæfellsjökulsþjóðgarð. Hann ásamt öflugum fólki á nesinu hefur verið til fyrirmyndar í þeim efnum en Kristinn var virkur í baráttunni fyrir stofnun þjóðgarðsins og hefur eftir það verið ötull við að vekja Snæfellsjökulsþjóðgarð til vegs og virðingar. Meðal áherslumála Kristins er að auðvelda eigi fólki að ferðast um svæðið og kynnst því. Þá hefur Kristinn einnig ver-



ið ötull talsmaður þess að landsvæði Svæðisgarðsins Snæfellsness komist á skrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, yfir svonefnd MAB, Maður og lífhvolfssvæði eða Man and Biosphere. Auk framlags til náttúruverndar á Snæfellsnesi hefur hann einnig talað fyrir því að auka eigi vernd viðkvæmrar náttúru vítt og breitt um landið eins og á hálendi Íslands.

Í tilefni þess að Kristinn hlaut þessa viðurkenningu 16. septem-

ber síðastliðinn bauð Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, til athafnar í Þjóðgarðsmiðstöð Snæfellsjökulsþjóðgarðs á Hellissandi þann 21. febrúar. Þar hlýddu gestir á fræðslu þjóðgarðsvarðar um Snæfellsjökulsþjóðgarð og erindi Guðlaugs Þórs um þjóðgarðinn. Í framhaldi af því veitti ráðherra Kristni Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti.

Við afhendinguna tók Kristinn fram að hann ætti örlítið erftit með að taka á móti viðurkenningunni þar sem það ættu svo

marginir þátt í ferðalagi síðustu ára í þjóðgarðinum en var hann þó þakklátur og auðmjúkur með viðurkenninguna.

Á meðfylgjandi mynd sem aðstoðarmaður ráðherra tók við afhendinguna eru Inga Dóra Hrólfssdóttir, sviðsstjóri Náttúruverndar og grænna áfangastaða, Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Helga Guðjónsdóttir, eiginkona Kristins og Kristinn sjálfur, Hákon Ásgeirsson, þjóðgarðsvörður og Sigríður Ágústsdóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar.

SJ



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru

GUÐRÚNAR KARLSDÓTTUR
frá Hnífsdal
Hjallabrekku 2, Ólafsvík



Karl Kristján Sigurðsson
Kristjana Hermannsdóttir
Brynja B. Úlfarsdóttir
Hermann Úlfarsson
Pórey Úlfarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhannes Ólafsson
Jóhannes Hjálmarsson
Ágústa Gunnarsdóttir

Auglýsingaverð í Jökli

Heilsíða	35.000 +vsk
Hálfsíða.	25.000 +vsk
1/4 úr síðu	15.323 +vsk
1/8 úr síðu	12.500 +vsk
1/16 úr síðu	10.081 +vsk



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Það eru TAX FREE dagar hjá ORMSSON

RISA TAX FREE DAGAR*

26. febrúar til 11. mars

*Af öllu nema B&O og HTH. Tax Free jafngildir 19.36% afstættl.

ÖLL TILBOÐ HJÁ ORMSSON GILDA LÍKA
Í VERSLUN VOOT Í ÓLAFSVÍK

- OG ÞÚ SLEPPUR VIÐ FLUTNINGSKOSTNAÐ



ÞVOTTAVÉLAR



KÆLISKÁPAR



OFNAR



UPPÞVOTTAVÉLAR



HELLUBORÐ



POTTAR OG
PÖNNUR



RYKSUGUR



SJÓNVÖRP



SOUNDBAR



LEIKJATÖLVUR



TÖLVULEIKIR

ORMSSON
OUTLET

ORMSSON OUTLET

Ólafsbraut 19 - Sími 436 1214



olafsvik@voot.is - www.voot.is

Fyrirhuguð stækkun hótels á Hellissandi

Snæfellsbær hefur nú auglýst tillögu að nýju deiliskipulagi á miðsvæði M-1 á Hellissandi. Á svæðinu er fyrirhuguð að gera deiliskipulag fyrir stækkun hótels á tveimur lóðum við Klettsbúð. Gert er ráð fyrir að hækka hótelið sem er þar nú um eina hæð og verður það því þriggja hæða í stað tveggja hæða. Til viðbótar er einnig fyrirhuguð að byggja tveggja hæða viðbyggingu sem mun hýsa hótélherbergi og aðra viðbyggingu á einni hæð sem stækkar matsal hótelsins. Tillagan hefur verið opin í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 15. febrúar og verður hún opin til 28. mars næstkomandi. Málsnúmer tillögunnar er 953/2023 en tillagan liggur einnig frammi í Ráðhúsi Snæfellsbæjar og á heimasíðu Snæfellsbæjar. Umsagnaraðilar og aðrir sem eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemd við tillöguna til 28. mars og þurfa athugasemdir að berast skriflega í Skipulagsgátt. Kynningarfundur um tillöguna verður haldinn í Félagsheimilinu Röst á Hellissandi þriðjudaginn 5. mars klukkan 16:00.

JJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrr.

Upplýsingar um auglýsingaverð á www.steinprent.is

Ísland sigraði Serbíu



Ljósmynd: KSÍ

A-landslið kvenna hefur undanfarið staðið í ströngu í umspili Þjóðardeildar UEFA. Tveir ólsarar eru í leikmannahópi Íslands en það eru þær Aldís Guðlaugsdóttir og Sædís Rún Heiðarsdóttir.

23. febrúar síðastliðinn fór fyrri leikur liðanna fram í Serbíu og voru úrslitin 1-1 jafntefli. Leikurinn var nokkuð jafn og spilaði Sædís Rún allan leikinn. Seinni leikur liðanna fór fram á

Kópavogsvelli 27. febrúar. Ljóst var að mikilvægt yrði að landa sigri svo að íslenska landsliðið fengi tækifæri á að leika í A-deild í undankeppni EM 2025. Sædís Rún spilaði einnig allan seinni leikinn og vann íslenska landsliðið dramatískan sigur 2-1. Munu þær því spila í A-deild í undankeppni EM 2025. Dregið verður í riðla fyrir þá keppni í næstu viku.

JJ

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Rauða krossins í Snæfellsbæ
verður haldinn fimmtudaginn 14. mars 2024
kl. 20.00 í Áttthagastofunni.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórn Rauða krossins Snæfellsbæ

Lára Lind forstöðumaður bókasafns og menningarmála



Lára Lind Jakobsdóttir hefur verið ráðin í starf forstöðumanns bókasafns og menningarmála í Grundarfirði. Hefur hún þar um-


sjón með starfsemi almenningsbókasafns og menningarhúsa, það er samkomuhúss Grundarfjarðar og Sögumiðstöðvar. Markmiðið hjá bæjarfélaginu er að byggja upp fjölbreyttan stuðning og þjónustu við íbúa, ekki síst nýja íbúa, með upplýsingagjöf og með því að hvetja til viðburða, fræðslu og samveru í menningarhúsum bæjarins. Lára Lind er þá einnig starfsmaður menningarnefndar Grundarfjarðarbæjar. Hún er fædd og uppalin í Grindavík og hefur síðustu tvö ár starfð í Kvíunni, menningarhúsi Grindarvíkur. Þar tók hún þátt í uppbyggingu menningarstarfs, skipulagningu viðburða, uppsetningu sýninga, vinnslu efnis fyrir samfélagsmiðla og öðrum fjölbreyttum verkefnum.

Hún hefur einnig starfað á upplýsinga- og markaðssviði hjá Grindavíkurbæ, þar sem hún vann við heimasíðu bæjarins og samfélagsmiðla, setti upp bæjarblaðið og tók þátt í að vinna fjölbreytt markaðsefni fyrir bæinn. Þá vann hún einnig í íþróttamannvirkjum Grindavíkur og sinnti skapandi starfi með ungu fólki í félagsmiðstöðinni. Sex umsóknir bárust um

starfið sem auglýst var í desember, þar af var ein dregin til baka en Grundarfjarðarbær fékk aðstoð frá Vinnvinn – ráðningar og ráðgjöf í ráðningarferlinu. Lára Lind mun hefja störf hjá Grundarfjarðarbær þann 1. mars.

SJ

Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.



Bifreiðaverkstæði Egis
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Björgunarsveit aðstoðaði í ófærð

Félagar í Björgunarsveitinni Lífsbjörg í Snæfellsbæ sátu ekki auðum höndum í síðustu viku þegar það fór að snjóa ræki-lega og rútur lentu utan vegar. Klukkan 16:30 þann 22. febrúar barst björgunarsveitum á Snæfellsnesi aðstoðarbeiðni vegna rútu og fjölda bíla sem höfðu lent í hremmingum. Aðstæður til björgunarstarfa voru krefjandi og margir bílar á ferðinni. Í heildina aðstoðuðu björgunarsveitarmenn þrjár 15-20 manna rútur og eithvað af fólksbílum. Leystu þeir verkefni vel af hendi og sluppu allir ómeiddir.

JJ



Ljósmynd: Björgunarsveitin Lífsbjörg



Ljósmynd: Björgunarsveitin Lífsbjörg

Nýir starfsmenn á sviði skipulags- og byggingarmála Grundarfjarðarbæjar



Sigurður Valur Ásbjarnarson, byggingatæknifræðingur, tók við stöðu skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar þann 1. janúar síðastliðinn. Sigurður tekur við stöðunni tímabundið en hann hefur áður gegnt stöðu en hann hefur langa reynslu sem tæknifræðingur, skipulags- og byggingarfulltrúi og sem bæjarstjóri í nokkrum sveitarfélögum. Þá var Guðmundur Rúnar Svansson ráðinn í starfþjónustufulltrúa við embætti skipulags- og byggingarmála og hóf hann störf 25. janúar. Guðmundur er með BA-próf í hagfræði og er að ljúka MPA-námi í opinberri stjórnsýslu, á línu umhverfisstjórnunar, við Háskóla Íslands. Hann mun sinna þjón-

ustu við byggingarfulltrúaembættið til að byrja með en þar mun hann aðstoða við undirbúning verkefna framkvæmda ásamt öðru. Grundarfjarðarbær kaupir þjónustu byggingarfulltrúa af EFLU, þekkingarfyritæki á sviði verkfræði og tækni og hefur Fannar Þór Þorfinnsson, byggingafræðingur, sinnt þeim verkefnum fyrir bæjarfélagið og mun gera áfram. Þá sér Helga Sjöfn Ólafsdóttir, þjónustufulltrúi Grundarfjarðarbæjar, um að aðstoða við skipulagsmálin og umsýslu þeirra. Á meðfylgjandi mynd eru Sigurður Valur og Guðmundur Rúnar, nýir starfsmenn á sviði skipulags- og byggingarmála Grundarfjarðarbæjar.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Sr. Laufey Brá nýr sóknarprestur Setbergsprestakalls

Nýr prestur hefur tekið við Setbergsprestakalli en sunnudaginn 18. febrúar síðastliðinn var innsetningarmessan þar sem Séra Laufey Brá Jónsdóttir var sett í embætti sóknarprests. Tekur hún við af Séra Ægi Erni Sveinssyni, sóknarpresti Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalls, en hann hefur sinnt embætti sóknarprests í Setbergsprestakalli tímabundið eftir að Séra Aðalsteinn Þorvaldsson lét af starfinu í september 2023. Séra Gunnar Eiríkur Hauksson prófastur setti Séra Laufeyju Brá í embætti og samanþjónuðu þau ásamt Séra Aðalsteini og Séra Ægi Erni. Kirkjukór Grundarfjarðarkirkju söng fyrir messugesti og að athöfninni lokinni var boðið til safnaðarheimilis í kaffi og kökur.

Myndina tók Signý Gunnarsdóttir.

SJ






Snæfellingismótaröðin að hefjast



Hestamannamót verður haldið í reiðhöllinni í Ólafsvík á föstudaginn. Þetta er fyrsta mótið í Snæfellingamótaröðinni 2024 og verður keppt í þriggja eina og undanfarin ár. Annað mótið verður haldið þann 1. apríl í Stykkishólmi og það þriðja 9. maí í Grundarfirði. Mótið hefst klukkan 19:00 og er keppt í fimm flokkum. Það eru pollaflokkur, 10-13 ára, 14-17 ára, minna vanir og meira vanir. Fimm efstu þör hvers flokks ríða svo til úrslita beint í framhaldi af forkeppni flokksins. Stigahæstu keppendurnir verða svo tilkynntir á síðasta mótinu, 9. maí. Skráning á mótið er opin til klukkan 18:00 fimmtudaginn 29. febrúar. Minna og meira vanir borga

2000 króna skráningargjald en frítt er fyrir börn og unglinga að taka þátt. Nánari upplýsingar um skráningu má finna á Facebook síðu hestamannafélagsins Snæfellinga. Opið hús verður á meðan keppni stendur og eru öll hvött til að mæta og sýna knöpunum stuðning. Meðfylgjandi mynd er frá keppni á síðasta ári. JJ



 Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617

Kynningarfundur



Opinn kynningarfundur vegna nýs deiliskipulags miðsvæðis á Hellissandi

Vakin er athygli á opnum kynningarfundi vegna nýs deiliskipulags miðsvæðis fyrir stækkun hótels á Hellissandi þriðjudaginn 5. mars 2024 kl. 1600 í Félagsheimilinu Röst.

Nánar má lesa um deiliskipulagið á heimasíðu Snæfellsbæjar og hægt er að nálgast öll gögn á Skipulagsgátt undir málsnúmeri 953/2023.

Öll velkomin og áhugasöm hvött til að mæta á kynningarfundinn.

Vetrartónleikar Menningarnefndar Snæfellsbæjar

GDRN + MAGNÚS JÓHANN

ÓLAFSVÍKURKIRKJA

29. FEBRÚAR 2024

Húsið opnar kl. 20:00. Tónleikar hefjast kl. 20:30.

Miðasala í Ráðhúsi Snæfellsbæjar á opnunartíma. Miðaverð kr. 3.500.

